

REGLUGERÐ

um hundahald í Reyðarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Reyðarfjarðarhreppi að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötlúðu fólki samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður hjá lögreglu staðarins og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði og eftirliti með hundum í sveitarfélaginu og skal upphæðin við það miðuð.
- c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi. Gjald dagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, leikvelli, matvöruverslanir, fiskvinnsluhús, kjötvinnsluhús eða aðra staði þar sem matvörur og fóðurvörur eru um hönd hafðar.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski ekki ró íbúa þorsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um þorpið fara til óþæginda.
- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.
- g. Skráðum bændum á lögbýlum sem hafa landbúnað að aðalatvinnu er heimilt að hafa 2 hunda án gjalds, en að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.
- h. Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt sveitastjórnar Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1978.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.